

Tillaga að friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes, umsögn NÍ

Búið til	21.7.2021 10:46:11
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	21.7.2021 10:46:10
Tilheyrir	202106-0024 - Tillaga að friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes

Efni

Tillaga að friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes, umsögn NÍ

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	21.7.2021 10:46:10	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	41-0 Verndaráætlanir - friðlýsingar almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NÍ (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is, ust@ust.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202106-0024 (SS).

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun dags. 11. júní 2021 þar sem tillaga að friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes er auglýst.

Náttúrufræðistofnun Íslands veitti umsögn um áform um friðlýsingu svæðisins þann 20. maí 2021 og komu þar fram ýmsar athugasemdir. Stofnunin hefur kynnt sér friðlýsingartillöguna sem auglýst hefur verið og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Meginathugasemd Náttúrufræðistofnunar við áformin var að áætluð afmörkun undanskilur stórfelld fjöru- og grunnsævisvæði með mjög hátt verndargildi þar sem mörkin eru dregin við endimörk netlaga mjög víða. Í svörum Umhverfisstofnunar við þessari athugasemd er þetta útskýrt á þá leið að landeigendur hafi verið mótfallnir friðlýsingunni, ekki viljað að sitt land væri friðlýst og því mörkin dregin á þennan hátt.

Í tillögunni sem nú hefur verið auglýst eru mörkin þau sömu og áður. Náttúrufræðistofnun vísar því aftur í athugasemdir sínar um áformin hvað þetta varðar. Er þessi niðurstaða mjög miður að mati Náttúrufræðistofnunar því meginforsenda fyrir verndargildi svæðisins í heild eru þessi fjörusvæði þar sem finnast fjöru- og strandlendisvistgerðir með hátt verndargildi sem og mikilvæg búsvæði fugla. Áfram verða því svæði með hátt verndargildi án verndar á Álftanesi og þau áform sem samþykkt voru í

Náttúruverndaráætlun 2004-2008 (og sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til í tillögum sínum að B-hluta náttúruverndaráætlunarinnar) enn ekki náð fram að ganga á fullnægjandi hátt þó hér sé vissulega stigið mjög mikilvægt skref. Vonandi verður hægt að stækka verndarsvæðið frekar þannig að þessum fjörusvæðum sé tryggð ásættanleg vernd.

Athugasemdir við einstök atriði í friðlýsingaskilmálum:

Í 1. grein er almenn umfjöllun um friðlýsta svæðið. Þar er fjallað um mikilvægar vistgerðir og búsvæði fugla og annarra lífvera á Álftanesi almennt svo sem fjörur og leirur, marhálmsgræður, sjávarfitjar og lífríkar sjávarfjarnir. Þar sem mjög lítill hluti þessara vistgerða og búsvæða lendir innan þess svæðis sem stefnt er að því að friðlýsa, t.d. minnihluti þangfjara, nær engar sandmaðksleirur, marhálmsgræður eða sjávarfitjar og ekki helstu búsvæði margæsar, er heppilegra að aðlaga texta 1. greinar þannig að fyrst og fremst er fjallað um þá náttúrufarsþætti sem eiga við friðlýsta svæðið. Þar vega þyngst grunnsævið og búsvæði fugla þar t.d. fæðuöflunar- og dvalarsvæði ýmissa sjófugla. Einnig hluti sjávarlónsins í Skógtjörn og sandfjaran í Helguvík. Annars er hættá á að dregin sé upp röng mynd af áætluðu verndarsvæði.

Í 2. grein um markmið segir að „vernda [eigi] og varðveita til framtíðar...búsvæði fugla sem er einnig mikilvægt viðkomusvæði farfugla“. Mikilvægustu viðkomustaðir farfugla á Álftanesi lenda flestir utan marka áætlaðrar friðlýsingar. Því á það ekki vel við að minnast á það sérstaklega hér og betra að láta nægja að segja „búsvæði fugla“.

Í 6. grein er fjallað um umferð á verndarsvæðinu. Þar er lagt til að umferð vatnaleiktækja s.s. sjókatta, sjódrekafugs og seglbretta verði óheimil innan svæðis á far- og varptíma. Áhrif mismunandi vatnaleiktækja á lífríki, einkum fuglalíf, eru frekar lítið þekkt hér á landi og þörf á að bæta úr þekkingu á málefnum því notkun slíkra tækja fer stöðugt vaxandi. Að mati Náttúrufræðistofnunar mætti skoða að draga betur fram í friðlýsingarskilmálum mun á vélknúnum vatnaleiktækjum og óvélknúnum tækjum svo sem seglbrettum. Meiri líkur eru á alvarlegri truflun frá vélknúnum tækjum líkt og sjóköttum vegna meiri hávaða og hraða. Meiri hættá er einnig á mengunarslysum. Náttúrufræðistofnun styður bann við umferð sjókatta á varptíma innan friðlýsta svæðisins en varðandi óvélknúnu leiktækin er alls herjar bann ef til vill full stórt skref. Sérstaklega í ljósi þess að viðkvæmstu fuglasvæðin þ.e. svæðin næst landi eru að mestu undanskilin í friðlýsingunni. Þar eru t.d. viðkvæmstu viðkomustaðir farfugla eins og margæsar, varplönd t.d. æðarfugls og kríu og svæði þar sem fuglar með nýklakta unga dveljast í meira mæli t.d. æðarfugl, grágæs o.fl tegundir. Þar munu engar reglur um umferð vatnaleiktækja gilda sem er vissulega mjög óheppilegt.

Ef til vill væri skynsamara að skilgreina sértækari reglur um óvélknúin leiktæki í stjórnunar- og verndaráætlun sem gilda innan friðlýsta svæðisins. Þar er fyrst og fremst um opin hafflöt utan netlaga að ræða og mest hættá á að hópar af t.d. æðarfuglum í felli, æðarkollum með stálpaða unga og hópar af máfum og kríum í fæðuleit geti fælst við umferð vatnaleiktækja á varptíma. Skynsamlegt væri að leggja mat á (með athugunum) hvar mest hættá sé á að umferð óvélknúinna vatnaleiktækja geti valdið truflun og ef til vill í kjölfarið skilgreina ákveðin áhættusvæði í stjórnunar- og verndaráætlun frekar en að hafa algildar reglur yfir allt svæðið sem er töluvert stórt. Með slíku mati myndast einnig tækifæri til að skoða hvort ekki væri ástæða til að íhuga einhverjar reglur á öðrum árstímum t.d. á veturna þegar þessi grunnsævisvæði eru mikilvæg fæðuöflunarsvæði fyrir margar fuglategundir sem eru þarna í minna mæli á varptíma t.d. hávellur, toppendur, skarfar o.fl.

12. grein fjallar um veiði, nýtingu hlunninda og notkun skotvopna. Mjög jákvætt er að óheimilt sé að veiða fugl í friðlandinu og að meðferð skotvopna sé bönnuð. Tryggja þarf að bannið nái yfir veiðar af sjó frá bátum utan friðlandsins. Í greininni kemur einnig fram að fiskveiðar eru heimilar ef þess er gætt að þær „valdi ekki röskun á búsvæði fugla og fuglalífi“. Það mætti einnig minnast á seli og búsvæði þeirra í þessu sambandi og sömuleiðis að ekki eigi að nota veiðarfæri sem raski búsvæðum botndýra.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við aðra friðlýsingarskilmála.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Ingibjörg Marta Bjarnadóttir" <ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>
CC:
Subject: Tillaga að friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes
Date: 11.6.2021 16:33:12

Góðan dag

Meðfylgjandi er kynning á tillögu að friðlýsingaskilmálum Skerjafjarðar við Álftanes.

Er þetta sent skv. 39. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Erindið er einungis sent rafrænt.

Bestu kveðjur, Best regards

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of NPAs Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)

image001.png (3 KB)

